

A photograph of a snowy village at night. In the foreground, there's a snow-covered field. In the middle ground, there are several buildings, including a large wooden barn with a corrugated metal roof and a smaller colorful building with signs that say 'GRANA', 'SR 30', and 'INGO'. The background shows snow-covered mountains under a dark blue sky. The title text is overlaid on the image.

2017 FARSKÓLI SAFNMANNA Á SIGLUFIRÐI

FARSKÓLASKÝRSLA

SÖFN Í STAFRÆNNI VERÖLD

Farskólastjórn: Anita Elefsen, Haraldur Þór Egilsson,
Hörður Geirsson, Sigríður Sigurðardóttir og
Steinunn M. Sveinsdóttir



Dagana 27. - 29. september 2017 fór árlegur farskóli safnmanna fram á Siglufirði. Dagskráin var með hefðbundnu sniði; sambland fyrirlestra, vinnustofa, skoðunarferða og almennrar gleði. Yfirskrift skólans var *Söfn í stafrænni veröld*.

Í ljósi þess að undanfarna áratugi hefur tækniþróun fjölgað möguleikum safna til miðlunar svo um munar var ákveðið að leggja fram ýmisskonar spurningar og skipuleggja dagskrána út frá þeim. En íslensk söfn hafa tileinkað sér ólíkar og fjölbreyttar leiðir til að miðla þekkingu og fróðleik. Á farskóla 2017 var horft til áskorana, ógnana og nýrra möguleika í því samhengi. Hvernig geta söfn nýtt sér tæknina til framþróunar og vaxtar? Getur tæknin dregið úr upplifun gesta á sýningum? Hvernig má nýta tækni nútímans til þess að átta sig á ráðgátum fortíðar og tryggja varðveislu gripa og muna til framtíðar?

Markmið farskólastjórnar var allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi - því þó við störfum öll á sama vettvangi geta störf okkar verið æði ólík með tilliti til sérhæfingar, menntunar og hlutverks í starfi.



Fyrirlestrar voru skipulagðir með það að markmiði að horfa til ólíkra þátta og læra hvert af öðru. Sagt var frá margmiðlun í sýningum, rannsóknum, varðveislu, miðlun án tækninýjunga og skráningu safngripa svo dæmi séu tekin.

Þrír erlendir fyrirlesarar tóku þátt í farskólanum. Allan Risbo frá Museumstjenesten, Gunnar Holmstad frá Nordnorsk Fartoyvernsenter og Steven Conn, safnafræðingur og prófessor við Miami Háskólann í Oxford, Ohio. Fyrirlesarar úr röðum safnmanna voru jafnframt fjölmargir.

Hver og einn starfsmaður á safni stendur frammi fyrir áskorunum í starfi sínu. Kröfur um faglegt starf safna hafa tekið stakkaskiptum á undanförunum áratugum. Safnkennsla spilar stærra hlutverk í skólastarfi nú en áður og mögulegt er að miðla sögunni á nær óteljandi vegu með tækninni sem þróast svo ört.

Farskólanum á Siglufirði var því líkt og öðrum farskólum, ætlað að vera vettvangur til símenntunar, fræðslu og tengslamyndunar. Til þess að ræða álitamál líðandi stundar og þau verkefni sem takast þarf á við í daglegu starfi á safni.



DAGSKRÁ

Farskólastjórn leitaðist við að skipuleggja fjölbreytta dagskrá - með það að leiðarljósi að snerta á flestum þáttum safnastarfs.

Á miðvikudegi voru fyrirlestrar skipulagðir undir yfirskriftinni *Söfn í stafrænni veröld - áskoranir, nýjir möguleikar - skýrari sýn.*

Á fimmtudegi voru fyrirlestrar skipulagðir undir yfirskriftinni *Varðveisla og rannsóknir: Hvernig tryggjum við varðveislu gripa og muna til framtíðar? Hvernig getum við nýtt okkur tækni nútímans til þess að átta okkur á ráðgátum fortíðar?*

Á föstudegi voru fyrirlestrar skipulagðir undir yfirskriftinni *Ólíkar leiðir til miðlunar: Undanfarna áratugi hefur tækniþróun fjölgað möguleikum safna til miðlunar svo um munar. Íslensk söfn hafa tileinkað sér ólíkar leiðir til að miðla þekkingu og fróðleik.*

MIDVIKUDAGUR, 27. SEPT.

KAFFI RAUÐKA

13:00 - 13:30	Afhending Farskólagagna
13:30 - 14:30	Aðalfundur FÍSOS
14:30 - 15:00	Kaffi
15:00 - 15:10	Setning Farskóla 2017. Anita Elefsen, farskólastjóri
15:10 - 15:40	Ágústa Kristófersdóttir, Hafnarborg: Hvert erum við komin?

SÖFN Í STAFRÆNNI VERÖLD:

Áskoranir - nýjir möguleikar - skýrari sýn

Hvernig getum við nýtt okkur tæknina til framþróunar og vaxtar?

KAFFI RAUÐKA

15:40 - 16:00	Sigrún Kristjánsdóttir , Borgarsögusafni: Áskoranir og krefjandi verkefni - ný sýning Sjóminjasafns Reykjavíkur
16:00 - 16:20	Helga Lára Þorsteinsdóttir , safnadeild RÚV: Safnkostur Ríkisútvarpsins - Gullkistan. Stafræn yfirfærsla á hljóði og mynd
16:20 - 16:40	Alma Dís Kristinsdóttir , Borgarsögusafni: Níu söfn, sex lönd, norræn ráðherranefnd, ráðuneyti, háskóli og Reykjavíkurborg: Stafræna menntaverkefnið Biophilia í safnasamhengi
16:40 - 17:10	Gunnar Holmstad , Nordnorsk Fartøyvernssenter: Photogrammetry
17:10 - 17:20	Steinunn M. Sveinsdóttir , Síldarminjasafni Íslands: Samantekt og umræður

SÍLDARMINJASAFNIÐ

17:30 - 18:00	Síldarsöltun og bryggjuball á planinu við Róaldsbrakka
18:00 - 19:30	Móttaka gestgjafa í Bátahúsinu

FIMMTUDAGUR, 28. SEPT.

KAFFI RAUÐKA

VARÐVEISLA & RANNSÓKNIR:

Hvernig tryggjum við varðveislu gripa og muna til framtíðar?

Hvernig getum við nýtt okkur tækni nútímans til þess að átta okkur á ráðgátum fortíðar?

09:00 - 09:20	Allan Risbo , Museumstjenesten: Preservation for the future
09:20 - 09:40	Hörður Geirsson , Minjasafnið á Akureyri: Að búa til nýja þekkingu
09:40 - 10:00	Gunnþóra Halldórsdóttir , Kvikmyndasafn Íslands: Tvöfalt líf kvikmyndasafns Íslands
10:00 - 10:20	Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir , mennta- og menningarmálaráðuneytið: Varðveisla menningararfleiðar á stafrænu formi
10:20 - 10:30	Steinunn M. Sveinsdóttir , Sildarminjasafni Íslands: Samantekt og umræður
10:30 - 11:00	Kaffi
11:00 - 13:00	Vinnustofur
13:00 - 14:00	Hádegisverður á Hannelsi Bø og í Bláa húsinu
14:00 - 17:00	Skoðunarferð - þversnið af menningarlífi Siglufjarðar
18:30 - 19:30	Fordrykkur - Bruggsmiðjan Segull 67
19:45 - 01:00	Árshátíð FÍSOS á Kaffi Rauðku Þriggja rétta kvöldverðarhlaðborð - söngur, skemmtun, dans og almenn gleði fram á nótt!

FÖSTUDAGUR, 29. SEPT.

KAFFI RAUÐKA

ÓLÍKAR LEIÐIR TIL MIÐLUNAR:

Undanfarna áratugi hefur tækniþróun fjölgað möguleikum safna til miðlunar svo um munar. Íslensk söfn hafa tileinkað sér ólíkar og fjölbreyttar leiðir til að miðla þekkingu og fróðleik.

08:30 - 10:00	Frjáls fundartími fyrir hópa: <i>Áhugasamir bókið fundaraðstöðu með góðum fyrirvara. Bókanir sendist í tölvupósti: anita@sild.is</i>
10:00 - 10:20	Sigríður Sigurðardóttir , Byggðasafn Skagafjarðar: Að miðla án tækninýjunga - Fornverkaskólinn
10:20 - 10:40	Vala Gunnarsdóttir , Sarpi: Breiðari markhópur - sýningar í Sarpi
10:40 - 11:00	Pétur Sörensson , Safnastofnun Fjarðarbyggðar: Til móts við nútímann. Hljóðleiðsögn í Stríðsminjasafninu á Reyðarfirði
11:00 - 11:30	Steven Conn , Miami University: Do Museums Still Need Objects?
11:30 - 11:40	Steinunn M. Sveinsdóttir , Sildarminjasafni Íslands: Samantekt og umræður
11:40 - 12:00	Kaffi
12:00 - 14:00	Vinnustofur
14:00 - 15:00	Hádegisverður á Hannesi Boy og í Bláa húsinu
15:00	Farskóla slitið
16:00	Brottför rútu til Reykjavíkur



AÐALFUNDUR FÍSOS 2017

Aðalfundur FÍSOS, Félags íslenskra safna og safnmanna, fór fram á Kaffi Rauðku áður en formleg dagskrá farskóla hófst.

Dagskrá fundarins var með almennu sniði:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar lagðir fram
4. Lagabreytingar
5. Árgjald félagsmanna og stofnana ákveðið
6. Stjórnarkjör
7. Farskóli 2018 - ákveðið að halda farskólann að ári erlendis
8. Heiðursfélagar - Örlygur Kristfinnsson gerður að heiðursfélaga í FÍSOS
9. Önnur mál



HVERT ERUM VIÐ KOMIN?

*Erindi Ágústu Kristófersdóttur, forstöðumanns Hafnarborgar,
menningar- og listamiðstöðvar Hafnarfjarðar*

Það er einkar ánægjulegt að fá að standa hér í pontu – fyrir 12 árum síðan sótti ég minn allra fyrsta farskóla hér á Siglufirði þá aðeins yngri og starfaði í Listasafni Reykjavíkur. Það var upplifun sem breytti lífi mínu að hitta safnamenn allsstaðar að og átta mig á því sem við eigum sameiginlegt – og ég sannfærðist um að ég ætti best heima í safni af einhverju tagi. Við vorum fleiri fulltrúar listasafna sem vorum að mæta á farskóla í fyrsta sinn þetta ár. Það var á margan hátt táknrænt fyrir þá breytingu sem var að eiga sér stað í safnamálum í landinu. Vissulega höfðu fulltrúar listasafna sést á farskóla áður – en þá kannski meira sem gestir en eiginlegir þátttakendur. Enda litum við kannski á þessa samkomu sem einkasamkvæmi sérvitrunga úr byggðasöfnum landsins. Nú er öldin önnur og einkar ánægjulegt að sjá nýráðinn forstöðumann Listasafns Íslands hér meðal fulltrúa.

Hvar vorum við?

Megin áhersluatriði á farskólanum 2005

- Fagmennska við uppbyggingu
- Öflugt safnaráð
- Þjálft regluverk
- Gæðavottun
- Öflug höfuðsöfn
- Samstarf / sameining safna
- Fjöldi safna / setra / sýninga
- Samstarf við ferðaþjónustuna
- Héraðssöfn / fagsöfn
- Aukinn stuðningur ríkisins
- Faglegri vinnubrögð ríkisins við úthlutun fjármagns
- Skýrari stefna
- Aukin menntun
- Bætt varðveisla
- Faglegri rannsóknarvinna
- Traustari rekstrargrundvöllur
- Mikilvægi safnfræðslu
- Samvinna

Farskóli 2017

3

Þegar ég var beðin um að flytja þetta erindi hér í dag þá var ég minnt á yfirskrift farskólans hér á Siglufirði fyrir 12 árum – sem var *Hvert stefnum við?* Til að átta mig á umræðunni sem þá fór fram styðst ég við farskólaskýrsluna sem gefin var út að skólanum loknum og erindi sem Gísli Sverrir Árnason þáverandi kynningarstjóri Þjóðminjasafnsins og fyrrum safna- og sveitarstjórnarmaður á Hornafirði flutti. Gísli var svo elskulegur að senda mér glæurnar. Og svo hef ég gruflað í mínu eigin minni. Fyrir 12 árum síðan voru 4 ár frá því að fyrstu eiginlegu safnalögin tóku gildi og safnasjóður varð til – þó áður hafi verið fjallað um mál byggðasafna í lögum um Þjóðminjasafn Íslands. Miklar vonir höfðu verið bundnar við ný lög en strax þarna 4 árum eftir gildistöku laganna var farin af stað umræða um endurskoðun þeirra. Safnamenn kölluðu eftir skýrari ramma og ég sé ekki betur en hluti þeirra atriða sem koma fram í skýrslu farskólans og Gísli Sverrir lagði áherslu í sínu erindi hafi ratað inn í safnalögin við endurskoðun þeirra. Ég fjalla nú sérstaklega yfir valin atriði á þessum lista sem ég tók saman yfir þau atriði sem helst voru til umfjöllunar árið 2005 – en tek síðan saman í lokin hugleiðingar varðandi hvern þátt fyrir sig. Annað plagg sem ég styðst einnig við er skýrsla ríkisendurskoðunar frá árinu 2009 og þær eftirfylgniskýrslur sem á eftir hafa komið. Byrjum þá á því að skoða safnalögin frá 2001.

Safnalög 2001

- Safn er samkvæmt lögum þessum stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.
- Ný hugtök:
 - Safnaráð
 - Safnasjóður
 - Höfuðsöfn
 - Staðfest stofnskrá
 - Viðurkennt skráningarkerfi
 - Alþjóðlegar siðareglur

4

Mörg ný hugtök voru kynnt í safnalögunum frá 2001 – nú eru þau flestum töm og hluti af daglegu amstri í söfnum landsins.

Megin breytingin var sú að til varð lagarammi utan um starfsemi allra safna – en áður hafði ramminn aðeins náð til byggðasafna í gegnum lög um Þjóðminjasafn Íslands. Listasöfn höfðu nú með formlegum hætti aðgang að styrkveitingum sem byggðasöfn höfðu þá haft um nokkurt skeið. Ég man vel eftir kynningarfundum um þessi lög í Listasafni Reykjavíkur - þar sem menn voru vægast sagt hissa á því að ríkið ætlaði að fara að setja einhvern ramma utan um starfsemi sem væri í eigu sveitarfélags og færi að alþjóðlegum siðareglum. Safnastarfsemi er eins og við vitum ekki hluti af lögbundnum skyldum sveitarfélaga og kannski má upplifa lögin sem óþarfa afskiptasemi. Það liðu nokkur ár þar til listasöfn voru almennt farin að njóta bæði verkefna- og rekstrarstyrkja úr safnasjóði. Safnaráð átti að vera samráðsvettvangur starfsemi lista- og minjasafna. Safnaráð hafa eftirlit með söfnum sem hljóta ríkisstyrki, úthluta úr safnasjóði. Safnaráði var ekki ætlað að verða stofnun í þessum fyrstu tillögum – en brátt kom í ljós að verkefnin voru viðameiri en svo að hægt væri að vinna þau í hjáverkum og skrifstofa safnaráðs var sett á fót. Gerðar voru ákveðnar kröfur til þeirra safna sem gátu fengið styrki úr sjóðnum til að fá verkefnastyrk þurftir safn að uppfylla ákvæði 4 gr. Sem við sjáum hér á töflunni en til að fá rekstrarstyrki varð að uppfylla 10. gr. laganna.

10. gr. safnalaga 2001

- Öll söfn sem undir lög þessi falla geta sótt um verkefnastyrki til safnasjóðs. Til þess að geta sótt um rekstrarstyrki þarf safn að uppfylla eftirtalin skilyrði:
- 1. Safnið skal hafa sjálfstæðan fjárhag og vera stjórnað af forstöðumanni í a.m.k. hálfu starfi.
- 2. Safnið skal starfa eftir stofnskrá sem hlotið hefur staðfestingu safnaráðs og skal starfa eftir stefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.
- 3. Safnið skal rekið óaðfinnanlega að mati safnaráðs og fjárhagsgrundvöllur þess skal vera tryggður.
- 4. Safnið skal vera opið almenningi daglega á auglýstum tíma a.m.k. þrjá mánuði á ári.
- 5. Safnið skal bjóða upp á safnfræðslu eftir því sem við verður komið.
- 6. Safnið skal skrá safngripi eftir viðurkenndu skráningarkerfi.
- 7. Safnið skal fylgja viðurkenndum alþjóðlegum siðareglum safna.
- Höfuðsöfn og önnur söfn, sem rekin eru af ríkinu, geta ekki notið styrkja úr safnasjóði.
- [Kostnaður af starfsemi safnaráðs greiðist úr safnasjóði.] 2)

5

Segja má að þessi 10. grein gömlu safnalaganna hafi verið upptakturinn að viðurkenningarferlinu í nýju lögunum. Þó safnalögin frá 2001 væru stórt skref í átt til skýrari ramma og aukinnar fagmennsku (eða að minnsta kosti verulega aukinnar stjórnsýslu) þá þótt mörgum ekki nóg að gert. Mikil áhersla var lögð enn frekari gæðavottun í safnastarfi og á skilgreiningu svæða eða fagsafna sem hafa ættu forystuhlutverk á sínu sviði og/eða landsvæði. Undirliggjandi í þessari umræðu var einnig umræðan um sameiningu og samvinnu safna bæði innan sveitarfélaga og milli þeirra. Segja má að sú umræða hafi náð hármarki í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2009 en þar segir: Ríkisendurskoðun telur að stefna eigi að öflugri og hagkvæmari rekstrareiningum safna sem standa undir faglegum kröfum samtímans. Í þessu skyni ber að hvetja skyld söfn sem starfa á sama landsvæði til að sameinast eða auka samvinnu sína og stuðla að aukinni verkaskiptingu. Breyta þarf úthlutunar- eða reiknireglum um rekstrarstyrki svo að þær ýti fremur undir slíka þróun en dragi úr henni.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út á meðan var verið að vinna að nýjum safnalögum – en ekki verður séð að löggjafinn hafi haft sömu áherslur og Ríkisendurskoðun. Því engir hvatar til sameiningar eru innbyggðir í safnalögin frá 2011.

Safnalög 2011

- Ný hugtök:
 - Viðurkennd söfn
 - Ábyrgðarsöfn
 - Safntengd starfsemi
 - Safnvísar
 - Setur
 - Sýningar

6

Strax 2005 var búið að skipa starfshóp um endurskoðun safnalaga og var sú vinna unnin í nokkrum skorpum fram til ársins 2011 er ný lög voru samþykkt. Í nýjum safnalögum bættust enn nokkur hugtök við þau frá 2001 og var hlutverk safnaráðs skilgreint nákvæmar en í eldri lögum. Safnaráð hætti að vera samráðsvettvangur safna – enda kannski óeðlilegt að sá aðili sem fer með eftirlitshlutverk sé einnig samráðsvettvangur. Skipan safnaráðs breyttist og ráðherra skipar nú tvo fulltrúa í ráðið. Hlutverk safnaráðs við úthlutun úr safnasjóði breyttist og gerir ráðið nú aðeins tillögu að úthlutun en ráðherra er sá sem veitir. En megin breytingin snéri þó að viðurkenningu safna, eftirlitshlutverki safnaráðs og tilnefningu ábyrgðarsafna. Sem sagt ákveðin svörun við ákalli safnmanna frá árinu 2005 – fyrirmyndin var fyrst og fremst sótt til Danmerkur.

Viðurkenning safna

1. Safn skal vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn. Safn skal ekki rekið í hagnaðarskyni.
2. Safn skal hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Reikningar safns skulu vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Það skal árlega senda skýrslu um starfsemi sína og fjárhagslegt uppgjör til safnaráðs.
3. Safn skal starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest, sbr. 7. gr. Í stofnskrá eða samþykkt skal tilgreina viðfangsefni og starfssvæði safnsins. Stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.
4. Safn skal starfa í samræmi við skilmála safnaráðs um húsnæði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi. Upplýsingar um skráða gripi í varðveislu safns skulu vera aðgengilegar almenningi.
5. Safn skal veita skólanemendum sem heimsækja safnið í skipulögðum námsferðum aðgang án gjaldtöku.
6. Aðgengi að húsnæði safns skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og eins mikið tillit tekið til þarfa fólks með fötlun og kostur er.
7. Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.
8. Forstöðumaður safns skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt.

7

Viðurkenningarferlið fór af stað strax við gildistöku lagnanna og fengu fyrstu söfnin viðurkenningu snemma árs 2014 – að mörgu var að huga í því ferli. Skoða þurfti öryggis og varðveislumál, rekstrargrundvöllur varð að vera traustur og safnið varð að skrá safnkost sinn í skráningarkerfi sem uppfyllir ákveðin skilyrði. Það voru langir gátlistar sem forstöðumenn fóru yfir á þessum tíma. Í ljósi reynslunnar hefði kannski verið einfaldara að ákveða að þau söfn sem þegar fengu rekstrarstyrki úr safnasjóði ættu að fá viðurkenninguna sjálfkrafa – í stað þess að fara í þetta ferli – en þetta gerði mörgum gott og fékk safnmenn til að huga að innra starfi, staðfesta fjármögnun með samningum, hreinsa frá brunaútgöngum, kaupa nauðsynlega mæla og skynjara og mörg söfn tóku þá ákvörðun að gerast aðilar að Sarpi við þetta tækifæri. Fyrirmyndin að þessu kerfi var sótt til Danmerkur og eins og oft vill verða hér átti að vinna vinnu sem þar hafði tekið mörg ár – í einu vetfangi. Við erum komin með gæðavottunina sem kallað var eftir, skýrari stjórnarsýslu ramma, aukið eftirlit og betri leiðbeiningar. Þetta tækifæri var hins vegar ekki notað til að fækka söfnum eða hvetja til sameiningar þeirra – þrátt fyrir yfirlýsingar sumra safnmanna um mikilvægi þess og áhersluna sem lögð var á það í skýrslu Ríkisendurskoðunar 2009. Úthlutanir úr safnasjóði hafa þvert á móti verið letjandi á þá sem eru að skoða sameiningarmál.

Höfuðsöfn

- Þjóðminjasafn Íslands
- Listasafn Íslands
- Náttúruminjasafn Íslands
- Þau eru öðrum söfnum til ráðgjafar og skulu stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði.
- Höfuðsöfn skulu hafa forustu í málefnum safna á sínu sviði, stuðla að eflingu og samræmi í safnastarfi og leiða faglegt samstarf safna og annarra aðila. Höfuðsöfn skulu leitast við að efla og auka þekkingu og færni starfsfólks safna.
- Höfuðsöfn skulu annast kynningu á sérsviði sínu innan lands og utan.
- Safnkostur höfuðsafna skal vera undirstaða fræðslu- og sýningarstarfs þeirra. Hann skal jafnframt vera aðgengilegur til rannsókna.

8

Miklar væntingar voru bundnar við höfuðsöfnin og í safnalögum er hafa þau stórt hlutverk. Þeim ber að vera miðstöðvar safnastarfs á sínu sviði, móta stefnu og leiða faglegt starf – við vitum að aðstöðumunur safnanna þriggja er mikill. Þjóðminjasafn hefur staðið sig vel í mörgum þeirra þátta sem hér eru taldir – á meðan Listasafn Íslands hefur mörg tækifæri til að gera betur og þá sérstaklega hvað varðar mótun safnastefnu. Vinna við mótun safnastefnu á þess vegum hefur dregist úr hófi, á meðan Þjóðminjasafnið hefur með víðtæku samráði við safnmenn unnið slíka vinnu þrisvar á frá aldamótum. Sú stefnumótunarvinna hefur meðal annars falist í því að taka stöðuna, setja markmið og meta árangur. Ég held að ég halli ekki á neinn þó ég óski Þjóðminjasafninu til hamingju með þessa góðu vinnu og hvetji Listasafn Íslands til að taka sér hana til fyrirmyndar. Safnastefnur Þjóðminjasafnsins hafa verið mikilvægur leiðarvísir að betra safnastarfi og í undirbúningsvinnunni hefur farið fram áhugavert og krefjandi samtal þar sem grundvallar þættir safnastarfs hafa verið skoðaðir. Hvað varðar þriðja höfuðsafnið, Náttúruminjasafnið er enn til háborinnar skammar hvernig hið opinbera stendur að umgjörð þess og rétt að við safnmenn hvetjum enn og aftur til þess að það safn fái það fjármagn og þann sess sem slíkt safn á að hafa í samfélagi sem byggir afkomu sína að verulegu leiti á því að selja náttúruna. Fyrir 12 árum var hvatt til þess að betur væri unnið eftir þágildandi safnastefnu á sviði menningarminja og að listasafn og náttúruminjasafn girtu sig í brók og tækjust á við stefnumótun á sínu sviði. Ítreka má þá hvatningu.

Hvað segja tölurnar?

2002

- Fjöldi safna sem fengu rekstrarstyrk úr safnasjóði: 49
- Upphæð safnasjóðs: 58 millj. (116 millj. framreiknuð)
- Starfsmaður á skrifstofu safnaráðs: 1
- Framlög sveitarfélaga til safna: 57 %
- Framlög ríkisins: 18%

2016

- Fjöldi viðurkenndra safna: 45
- Upphæð safnasjóðs: 126,5 millj
- Starfsmaður á skrifstofu safnaráðs: 1
- Framlög sveitarfélaga til safna: 66%
- Framlög ríkisins: 6%

9

Sumt hefur lítið breyst – sé lítið til fjölda þeirra safna sem fengu rekstrarstyrki úr safnasjóði árið 2002 voru þau 49 en viðurkennd söfn í dag eru 45. Þannig að smávægileg fækkun hefur átt sér stað – sé hins vegar lítið á peningahliðina þá hefur framlag ríkisins dregist verulega saman sem hlutfall af heildarrekstrarfé. Krafan um aukna fagmennsku við úthlutun fjár úr ríkissjóði var hávær – breytingar sem gerðar voru árið 2011 tóku nær alveg fyrir beinar úthlutanir til safna og menningartengdra verkefna án aðkomu sjóða/fagnefnda þegar úthlutunum fjárlaganefndar var hætt. Svona eftir á að hyggja þá hefðum við bara átt að þegja og halda í peningana .

Hvar erum við?

Hver er staðan 12 árum síðar?

- Fagmennska við uppbyggingu
- Öflugt safnaráð
- Þjálft regluverk
- Gæðavottun
- Öflug höfuðsöfn
- Samstarf / sameining safna
- Héraðssöfn / fagsöfn
- Fjöldi safna / setra / sýninga
- Samstarf við ferðaþjónustuna
- Faglegri vinnubrögð ríkisins við
- úthlutun fjármagns
- Aukinn stuðningur ríkisins
- Skýrari stefna
- Aukin menntun
- Bætt varðveisla
- Faglegri rannsóknarvinna
- Traustari rekstrargrundvöllur
- Mikilvægi safnfræðslu
- Samvinna

Farskóli 2017

10

Hér er hann aftur sami listin og ég birti í upphafi – sumt er ég búin að tala um.

Fagmennska við uppbyggingu: Ég held að það sé full ástæða til að klappa okkur á bakið og fagna því sem vel hefur verið gert. Þó skráningarmálin væru ekki fyrirferðamikil í umræðunni hér fyrir 12 árum þá er það kannski á því sviði sem hvað mestur árangur hefur náðst á síðustu árum. Sarpur, almenn þátttaka safna í honum og fjölmörg skráningarverkefni sem ráðist hefur verið í bera vitni um fagmennsku og getu til að vinna saman að góðum verkefnum.

Öflugt safnaráð: Safnaráði hefur á margan hátt gengið ágætlega að fylgja eftir þeim breytingum sem nýju safnalögin fólu í sér – en við erum enn stefnulaus í málaflokknum og þær áherslubreytingar sem gerðar hafa verið á úthlutun úr safnasjóði með styrkveitingum sem skilyrtar eru til endurmenntunar eru einkennilegur gjörningur á sama tíma og rekstrarstyrkir lækka og mörg söfn fá ekki styrki til verkefna.

Þjálft regluverk: Sitt sýnist nú örugglega hverjum um þetta atriði – nú hef ég unnið með regluverkið frá báðum hliðum og verð að segja að það er á margan hátt þjálft frá safnamanni séð en safnaráði.

Gæðavottun: Viðurkenningin er orðin virk – og öflugt gæða eftirlit komið í gagnið.

Öflug höfuðsöfn: Þjóðminjasafnið ber það amk. höfuð yfir hin tvö – við treystum því að Listasafnið nái nú vopnum sínum og að úr málefnum Náttúruminjasafns rætist.

Samstarf / sameining safna: Ýmislegt hefur gerst en kannski ekki það sem kallað var eftir árið 2005. Þá var rætt um að oft væru söfnin litlar og veikburða einingar – í skýrslu ríkisendurskoðunar var hvatt mjög eindregið til sameiningar safna. Vissulega höfum við séð sameiningar – Borgarsögusafn Reykjavíkur varð til úr samruna þriggja safna, Menningarmiðstöð Þingeyinga varð til við sameiningu safna í Þingeyjarsýslum árið 2006 og er nú með 4 starfsstöðvar ef ég hef talið rétt, Minjasafnið á Akureyri hefur tekið yfir rekstur skáldahúsanna. Listasafn Sigurjóns Ólafssonar varð hluti af Listasafni Íslands og eflaust mætti tína fleira til. En sé laun og starfshlutfall forstöðumanns notað sem mælikvarði á styrk stofnunar þá eru tvö viðurkennd söfn sem ekki greiða forstöðumanni laun og 9 þar sem starfs forstöðumanns er ekki fullt starf – eru þetta litlar og veikburða stofnanir? Oft eru heitar tilfinningar í kringum sameiningarmálin og áhugavert að sjá að þeir sem hafa farið fremstir í flokki eru stærri sveitarfélög – þar sem kannski er lengra á milli manna og auðveldara að standa með umdeildum ákvörðunum.

Héraðssöfn / fagsöfn: Í nýjum safnalögum er kveðið á um ábyrgðarsöfn – sem er viðurkennt safn sem ráðherra hefur, að fenginni tillögu viðkomandi höfuðsafns, falið að bera ábyrgð á ákveðnum þáttum safnastarfs á tilteknu sviði eða landsvæði. Ekki er enn farið að vinna eftir þessari grein laganna – þó nokkuð sé orðið síðan safnaráð vann sínar tillögur og sendi ráðherra. Það verður spennandi að sjá hvað kemur út úr þessu.

Fjöldi safna / setra / sýninga: Fjöldi þeirra safna sem standast fagleg viðmið safnaráðs hefur í nánast staðið í stað – nokkur hafa hætt starfsemi eða sameinast öðrum en þá hafa ný söfn bæst í hópinn. Ekki verður séð að hvorki ráðuneyti né safnaráð hafi sérstakan áhuga á að fækka söfnum – sýningar og setur spretta upp og leggjast af eftir því sem áherslur breytast.

Í lagarammanum utan um safnastarfsemi er lögð áhersla á söfn sem varanlegar stofnanir – það er því kannski æskilegt að erfitt og flókið sé að stofna safn með öllum þeim kvöðum sem því fylgja. Sýningar og setur svara betur tímabundinni þörf fyrir rannsóknir, móttöku gesta og miðlun upplýsinga.

Samstarf við ferðapjónustuna: Þetta samstarf er misjafnt eftir hver á í hlut – og má kynna sér í ítarlegri skýrslu safnaráðs frá árinu 2015.

Faglegri vinnubrögð ríkisins við úthlutun fjármagns

Fram til 2011 var hægt að sækja um styrki beint til fjárlaganefndar – og fengu fjölmörg söfn styrki til verðugra verkefna með þessari leið. Þegar skrúfað var fyrir hana vonuðust ýmsir til að meira fé yrði veitt í þá sjóði sem leggja menningarmálum til fé – safnasjóður í tilviki safna – en það varð ekki. Þannig að í stað þess að útdeila fénu með gagnsærri hætti þá gufuðu þessir peningar upp.

Aukinn stuðningur ríkisins: Hefur ekki komið til. Krónutala rekstrarstyrkja hefur lækkað frá því fyrst var úthlutað úr sjóðnum og sá möguleiki að sækja um styrki í samstarfi safna og safntengdrar starfsemi hefur ekki verið nýttur – kannski fyrst og fremst vegna þess að söfnin hræðast að fá lægri styrki sjálf fari þau í slíkt samstarf. Efla þarf safnasjóð verulega.

Skýrari stefna: Beðið er eftir stefnumörkun safnaráðs um safnastarf – hún á að byggja á samþættingu stefnumótunar höfuðsafnanna hvers í sínum málaflokki og stefnumótun ráðsins sjálfs. Ráðið sjálft sendi tillögu sína í mennta- og menningarmálaráðuneytið í september 2015 – svo virðist sem svar hafi ekki borist. Þarna beinast spjótin að Listasafni og Náttúruminjasafni sem enn hafa ekki unnið safnastefnu á sínu sviði.

Aukin menntun: Nám í safnafræði við HÍ varð að veruleika og nú hefur fyrsti doktorsnemininn útskrifast.

Bætt varðveisla: Ánægjuleg þróun þar sem mörg söfn hafa tekið nýtt varðveisluhúsnæði í notkun, vegleg handbók um varðveislu safnkosts hefur verið gefin út og eftirlit safnaráðs veitir aðhald gott aðhald.

Traustari rekstrargrundvöllur: Rekstur viðurkenndra safna er fyrst og fremst á herðum sveitarfélaganna.

Samvinna.



FARSKÓLASKÝRSLA 2017



VINNUSTOFUR

Skipulagðar vinnustofur voru á dagskrá á fimmtudegi og föstudegi og fóru fram á hinum ýmsu stöðum um bæinn. Markmið vinnustofa var að allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi og notið góðs af þeirri fræðslu og vinnu sem fram fór á Farskólanum - og snúið aftur heim með nýjar hugmyndir og áherslur í farteskinu. Helstu niðurstöður úr vinnu hópanna verða birtar á næstu síðum.



„20 MILLJARÐAR“ ÞARF ALLT AÐ VERA STAFRÆNT?

Hópstjórar: Þóra Björk Ólafsdóttir & María Karen Sigurðardóttir

Umræður um niðurstöður skýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytis um varðveislu menningararfleiðar á stafrænu formi.

Hvar vilja safnmenn forgangsraða þegar kemur að því að digitalisera menningararfinn? Hvernig á að forgangsraða? Er raunhæft að taka stafrænar eftirtökur af öllu? Hvað með þrívíða muni? Þeir eru undanskildir í útreikningum ráðuneytisins.

Einnig var horft til stafrænnar grisjunar og rætt um ólíkar varðveisluaðferðir á stafrænu efni.

Skýrsluna má finna hér:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=c9dff324-54dd-11e7-941a-005056bc530c>

NIÐURSTÖÐUR

Fyrst ræddi hópurinn um skilgreiningu á stafrænni endurgerð og digitaliseringu almennt. Ef skýrslan er lesin þá virðist samt skilgreiningin á rafrænni varðveislu á safngripum þar sú sama og verkferlar sem safnmenn nota við skráningu safngripa. Þó er augljóst að rafræn varðveisla á safngripum er alls ekki varðveisla á gripnum sjálfum heldur í besta falli heimildaskráning um það sem er til og hefur verið til. Þó er ólíkt eftir tegund gripa og arfleifðar hvernig þeir „varpast“ fram í stafrænni geymslu.

Þegar rætt var um hvar safnmenn vildu forgangsraða þegar kemur að því að digitalisera menningararfinn, var mikið rætt um varðveislu ljósmynda og hreyfimynda, enda er líklegast mesta reynslan þar hjá söfnum. Hópurinn var almennt sammála um það að ljósmyndir væru sú tegund menningararfs sem geymd er á söfnum sem er hvað einna helst best til fundin til stafrænnar varðveislu. Til eru reglur um gæði ljósmynda og format á geymsluformi þeirra en minna er um reglur og staðla á stafrænni varðveislu á öðrum tegundum safngripa. Skjalasöfn vinna t.d. eftir skýrum stöðlum, en Þjóðskjalasafnið er með greinargóða lýsingu með hvað eigi að skrá og hvernig eigi að skrá rafrænt. Einnig er skilaskylda á skjölum stofnanna og nú skila margar hverjar stafrænt þannig að skráningin verður sjálfkrafa.

Aðalatriðið að mati hópsins er að hafa staðla, því annars erum við að eyða fé og tíma í gögn sem eru ónothæf. Í þessu samhengi eru lýsisgögn mjög mikilvæg, en leit í varðveittu stafrænu efni verður erfið ef ekki er skilgreint vel hvað er verið að geyma. Er því augljóst að um fjárfrekt og tímafrekt verkefni er um að ræða, en safnmenn hafa mikla reynslu af því að skráning á safnkosti er dýr.

Hjá söfnum eru ekki til einn heildstæður staðall um hvernig skráning/digitalisering á safngripum eigi að vera og er óljóst hver eigi að sjá um þá staðlagerð, þó svo að flest söfn vinni eftir vinnureglum, höfuðsafna, Sarps eða annarra aðila. Fólk á að vinna meira saman og vera ekki að finna upp hjólið, því er fyrsta skref að semja staðla eða taka upp erlenda staðla.

Þegar rætt var um hvaða flokkur menningarminja væri mikilvægastur þá var m.a. minnst á hljóðupptökur.

Forgengileiki tækninnar er mikill vandi sem verður að hafa í huga og finna lausnir á. Það er ekki endilega hægt að treysta stafrænum varðveislulausnum, sem dæmi má nefna eru floppy-diskar. Tækni dagsins í dag er úreld á morgun. Þau gögn sem eru rafræn frá árdaga tölvutækninnar eru ekki endilega vel varðveitt, tækniþekking og tól til að lesa þessar skráningar eru ekki alltaf fyrir hendi og auðvelt að týna eða gleyma einhverri heimildaskráningu. Magn upplýsinga er einnig mikið og til að mynda þarf Ríkisútvarpið nú að varðveita presens Rúv á samfélagsmiðlum. Hvernig á að snúa sér í því? Kemur sú spurning beint að næstu vangaveltum, um grisjun á stafrænu efni, hvernig gerum við það?

Tækninni fleygir alltaf fram og það sem er óhugsandi í dag verður daglegt brauð á morgun, sem dæmi má nefna að jafnvel eftir fá ár verður þrívíddarljósmyndun mun auðveldari og ódýrari en nú er. Þetta er staðreynd sem setur fyrirvara á alla umræðu um stafræna varðveislu gripa og menningararfleifðar. Hefðbundnir safngripir eru t.d. örðugir m.t.t rafrænnar varðveislu, eiginleikar margra safngripa eru þannig að digitalisering verður aldrei meira en heimildarskráning – en kannski kemur einhver tækni í framtíðinni sem leysir einhvern vanda fyrir okkur. Skráning safnkosts og skráningarkerfi á borð við Sarp: í kynningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins talaði Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir um að Sarpur væri EKKI varðveislutæki, heldur skráningartæki. Hópurinn hefur mikið verið að hugsa um þetta og var fjölrætt um þessa staðhæfingu, upplifun safnmanna af tilgangi með skráningu og einnig var vitnað í skýrsluna sjálfa og borinn saman skilgreiningar á hvað stafræn varðveisla væri samkvæmt henni og tilgangi og skilgreiningu á Sarpi. Fannst mörgum í hópnum ekki mikill munur á þessum skilgreiningum. Mikil umræða var í kjölfarið um Sarp og kostnað við hann, til að mynda rekur danska ríkið skráningarkerfi fyrir viðurkennd söfn sem þau fá án endurgjalds. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2018 er ein af markmiðum í menningarmálum beinlínis að styrkja skráningu safnmuna í Sarp með markvissum áherslum í úthlutun styrktarsjóða og þar er auðvitað átt við safnasjóð. Safnaráð er með eftirlit með söfnum, einn hluti þess er eftirlit með skráningu safna og það er verkefni sem safnaráð er að fara að byrja með. Hluti af þeim undirbúningi er að framkvæmdastjóri safnaráðs situr þessa vinnustofu.

Birting á stafrænu efni er málefni sem tengist mjög skráningarmálum og stafrænum varðveislumálum. Höfundarréttarmál eru aðalatriðið í umræðunni fyrsta kastið og verða safnmenn ekki þreyttir á því að benda á það vandamál. Safnaráð hefur sett á laggirnar vinnuhóp um menntunarhlutverk safna með áherslu á rafræna miðlun og eru höfundarréttarmál mikill hluti af starfi þess hóps.

Samantekt:

Ekki er til einn heildstæður staðall um hvernig skráning/digitalisering á safngripum eigi að vera og er óljóst hver eigi að sjá um þá staðlagerð, þó svo að flest söfn vinni eftir vinnureglum, höfuðsafna, Sarps eða annarra aðila. Því er mikilvægt að Sarpur og höfuðsöfnin sýni frumkvæði, leggi línurnar og takið það skref að semja staðla eða taka upp erlenda staðla sem söfnin geta unnið eftir svo hægt sé að samræma vinnubrögðin á landsvísu.



STAFRÆN MIÐLUN Í SÝNINGUM

Hópstjórar: Helga Maureen Gylfadóttir & Ingibjörg Áskelsdóttir

Með ört vaxandi tækni og gríðarlegu magni tækninýjunga opnast fjölmargar gáttir og nýjir möguleikar í sýningarhönnun og miðlun á söfnum. Velt verður upp spurningum um kosti og galla stafrænnar miðlunar í sýningum. Hvaða hlutverki á stafræn miðlun að gegna? Hvaða áhrif hefur hún á upplifun gesta? Örvar stafræn miðlun áhuga safngestsins? Hamlar hún annarri upplifun? Stjórnar hún annarri upplifun – eða getur hún skapað neikvæða upplifun gesta?

N I Ð U R S T Ö Ð U R

Upphafspunktur umræðna: Hvað er stafræn miðlun?

- Það sem er á skjá? Þar sem tölvan kemur við sögu, hvort sem það er tölvuskjár, hljóðleiðsögn eða kvikmynd?
Fundarmenn sammála um að stafræn miðlun teljist allt þar sem stafræn tækni er notuð til þess að miðla.

Getur stafræn miðlun komið í stað miðlunar sem byggir á gripum?

- Já, þar sem gripa nýtur ekki við, t.d. eins og á Landnámssýningunni í Aðalstræti. Stafræn miðlun í formi tilgátugripa, t.d. úr fornleifauppgreftri, eykur við upplifun gestsins.
- Passa verður á listasöfnum að sú stafræna miðlun sem sett er fram fari ekki að taka frá þeim listaverkum sem er verið að sýna. Tækin mega ekki trufla sjálfa upplifunina. Nefnd voru dæmi af listasafni þar sem skjárinn sem átti að vera til að dýpka skilning gestsins tók of mikið frá listaverkinu. Skólahópur í heimsókn átti orðið of erfitt með að einbeita sér að verkinu þar sem skjárinn var svo truflandi.
- Fundarmenn sammála um að mikilvægt sé að miðlunin bæti við, en taki ekki frá því sem verið er að miðla.
Auknir möguleikar, að miðla utan veggja safnsins. Vefsýningar.
- Fundarmenn sammála um að vefsýningar veita betra aðgengi að safnkostinum sem og að þær ýta undir fjölbreytni í miðlun. Þær dýpka skilninginn á efninu og bæta við upplifunina. Meiri þekking kemst til skila. Nýr áfangastaður og ný upplifun.
- Miðlun fyrir utan sýninguna sjálfa og þar með lifir sýningin lengur en sjálfan sýningartímann ef um tímabundna sýningu er að ræða.

Auknir möguleikar, að miðla utan veggja safnsins. Vefsýningar.

- Fundarmenn sammála um að vefsýningar veita betra aðgengi að safnkostinum sem og að þær ýta undir fjölbreytni í miðlun. Þær dýpka skilninginn á efniinu og bæta við upplifunina. Meiri þekking kemst til skila. Nýr áfangastaður og ný upplifun.
- Miðlun fyrir utan sýninguna sjálfa og þar með lifir sýningin lengur en sjálfan sýningartímann ef um tímabundna sýningu er að ræða.

Eykur stafræn miðlun líkurnar á því að kveikja áhuga yngri kynslóðarinnar?

- Minjasöfn taka eftir því að börnum finnst oft gott að komast í „frí“ frá stafræna heiminum á safninu. T.d. í verkefni „Verk að vinna“ á Árbæjarsafni, þar sem börnin fá að taka þátt í hefðbundnum sveitastörfum.
- Fundarmenn ræddu að stafræn miðlun gæti aukið áhuga yngri kynslóðarinnar ef hún er notuð til þess að undirbúa skólaheimsóknina.
- Sú hugmynd kom upp á meðal fundarmanna að ein leið væri að gera „teaser/kynningarmyndband“ fyrir skólaheimsóknir.

Er stafræn miðlun líkleg til að auka samvinnu við skólastofnanir?

- Fundarmenn sammála um að það er afar mikilvægt að vinna stafrænt efni í samvinnu við skólana, ekki vinna það og ætlast svo til þess að þeir nýti sér það.
- Getur nýst vel í undirbúningi eða eftirfylgni við heimsókn.

Leggja söfn of mikla áherslu á að fylgja tækniþróuninni?

- Erum við of nýjungagjörn? Fundarmenn ræddu hvort söfn væru of fljót að stökkva á hvaða vagn sem er þegar kemur að stafrænni miðlun. Almennt má segja að söfn taki tækninýjungum vel en oftast hamlar fjármagn þátttöku.
- Erum við hrædd við þessar miðlunarleiðir? Fundarmenn sammála um að söfn eru ekki hrædd við nýjungar en aftur er komið að skorti á fjármagni.
- Mikilvægt að vera ekki með stafræna miðlun bara til þess að vera með hana.
- Fundarmenn sammála um að það er ekkert eins leiðinlegt og að sjá biluð tæki á söfnum og sýningum. Þó er oft erfitt að fylgja hraðri tækniþróun, hlutirnir breytast svo hratt.

Eru söfn ekki að nýta öll þau úrræði sem bjóðast?

- Eflaust hægt að nýta margt betur, það þarf að fylgjast vel með.
- Fjármunir leika stórt hlutverk.
- Fundarmenn ræddu hve erfitt er að fá tæknifólk til að fylgja verkefnum eftir. Flókin forritun oftast sem ekki hver sem er getur tekið við ef eitthvað bilar. Tæknileg verkþekking starfsmanna safna er ekki nóg til að meta hvað er best í stöðunni hverju sinni. Algengt að það þurfi að byrja upp á nýtt þegar nýr forritari tekur við þar sem sá sem var undan notaði annað kóðakerfi!

Annað sem kom fram:

- Stólarnir við stafræna skjái skipta máli, að það sé þægilegt að njóta miðlunarinnar.
- Mikilvægt er að öll miðlun þjóni stefnu safnsins.
- Eftir hverju erum við nákvæmlega að leita, mikilvægt að skilgreina vel áður en byrjað er á dýrum verkefnum.

Í vinnustofunni sem fór fram á föstudeginum voru Helga Maureen Gylfadóttir, Ingibjörg Áskelsdóttir og Íris Gyða Guðbjargardóttir fengnar til þess að segja frá því sem gengið hefur vel og sömuleiðis því sem gengið hefur illa við vinnu að nýrri grunnsýningu Sjóminjasafnsins í Reykjavík. Fróðlegt var að fá innsýn í samstarfið við hollenska sýningarhönnunarfyrtækið KOSSMANN.DEJONG.

SÖFNUN Á ÍSLANDI ÞURFUM VIÐ GRIPI?

Hópstjórar: Steinunn M. Sveinsdóttir & Freyja Hlíðkvist

Hverju er safnað og hverju ekki? Er söfnun handahófskennd á Íslandi? Skerpt verður á gerð söfnunarstefna og lögð áhersla á órjúfanlegt samband grisjunar og söfnunar. Jafnframt verður velt upp spurningum um safngripi og gildi þeirra. Hversu nauðsynlegir eru þeir? Hvernig nýtast safngripir við fræðslu í samanburði við stafrænt efni?

NÍÐURSTÖÐUR

Ákveðið var að ræða almennt um söfnun á Íslandi á fyrri deginum og fjalla um spurninguna „Þurfum við gripi?“ þann seinni.

Í upphafi vinnustofunnar var leitast við að svara spurningunum: Er söfnun á Íslandi handahófskennd eða er hún nógu markviss? Hvað mætti betur fara í söfnun? Hvernig ætti að bæta verklag við söfnun? Þátttakendur voru sammála um að munasöfnin stunduðu ekki virka söfnun í dag, heldur væru í flestum tilfellum passífir þiggjendur. Söfn stæðu mörg hver frammi fyrir þeirri áskorun að þurfa að grisja safnkostinn eftir gegndarlausu söfnun síðustu áratugi. Söfnunin er orðin markvissari að því leyti að safnmenn hafa almennt öðlast betri yfirsýn yfir safnkostinn og eru jafnan óhræddir við að afþakka muni sem þeim eru boðnir. Skýr söfnunarstefna skiptir sköpum í þessu samhengi. Einnig eru safnmenn meðvitaðir um gildi og nauðsyn þess að aðföngum fylgi saga þeirra og uppruni.

Nokkur umræða spannst um hvað mætti fara betur í söfnun og hvað væri til ráða. Áður hafði gildi góðrar söfnunarstefnu verið rætt, en allur gangur er á því hversu vel söfn nýta hana og vísa til hennar við ákvarðanatökur. Safnmenn á smærri söfnum, sem eru í mikilli nálægð við nærsamfélagið, eru oft í þeirri stöðu að finnst þeir vera skyldugir til þess að taka við munum sem safninu býðst. Oft finnst fólki að munurinn sé einkennandi fyrir samfélagið og finnist hann eiga að varðveitast á „sínu“ safni. Þá voru nefnd vandkvæði við að taka faglega ákvörðun þegar í hlut ættu áhrifamikil fyrirtæki í samfélaginu. Söfn ættu að taka tillit til álits samfélagsins, en jafnframt þarf að breyta hugsunarhættinum varðandi hvaða munur eða munir standa fyrir ákveðna persónu, fyrirtæki o.s.fr.v.. Þannig gæti t.a.m. verið nóg að varðveita eitthvað sem ákveðin kona þrjónaði í stað þess að geyma þrjónavélina sem hún notaði.

Þátttakendur voru sammála um að Sarpur yrði sífellt betra verkfæri eftir því sem söfn skráðu meira inn í gagnagrunninn og með því fengju safnmenn betri yfirsýn yfir heildarsafnkost í söfnum landsins. Sumir nota Sarp markvisst þegar tekin er ákvörðun um hvort taka eigi mun

inn í safnkostinn eða ekki, en söfn í smærri samfélögum láta oft aðra þætti vega þyngra þegar tekin er ákvörðun, þ.e. sögu hans og uppruna.

Hertari kröfur um varðveisluskilyrði muna hefur einnig áhrif á söfnun. Safnmenn verða að líta safnkost sinn gagnrýnum augum og ráðast í grisjun ef nauðsyn krefur, sem og að taka ekki á móti nýjum munum sem ekki er fyrirsjáanlegt að verði varðveittir við viðunandi aðstæður. Mörg söfn uppfylla ekki kröfur um varðveisluskilyrði og er brýn þörf á að hið opinbera veiti söfnum nægilegt fjármagn svo gera megi bragarbót á því.

Að loknum fyrirlestri Steven Conn prófessors við Miami University í Ohio undir yfirskriftinni „Þurfa söfn gripi?“ ræddi hópurinn spurninguna og tók Steven þátt í umræðunum. Allir þátttakendur voru sammála um nauðsyn gripa á söfnum. Var þá bæði litið til mikilvægi þeirra í sýningum og í rannsóknum. Nefndi Steven að í hans augum hefðu safngripir þrenns konar hlutverk, þ.e. sem rannsóknarefni, fagurfræðilegt hlutverk og sem tákn einhvers annars og stærra. Hópurinn var sammála um að þó þyrftu ekki allar tegundir safna jafnmikið á safngripum að halda. Á sumum vísindasöfnum væri nauðsyn fyrir gripi mun minni en t.d. á listasöfnum almennt.

Safngripir hafa mikið gildi fyrir rannsóknir, ekki síður en í sýningum. Sanngildi er veigamikill þáttur í safnastarfi og safngestir vilja sjá upprunalegu gripina en ekki eftirlíkingar. Söfnin þurfa síðan að kenna gestum sínum að „hlusta“ á gripina og leyfa þeim að segja sína sögu. Í lokin var rætt um hvort söfnin væru að hverfa aftur til fortíðar þar sem aukin áhersla er lögð á safngripina og þeir sýndir í „massavís“. E.t.v. hefur tæknin og sýndarveruleikinn sem henni fylgir þau áhrif að gildi hins áþreifanlega verður meira. Hversu nálægt safngripum söfn eru síðan tilbúin til þess að hleypa gestum sínum er byggt á mati og aðstæðum hvers safns.

A photograph of a snowy village at night. In the foreground, there are snow-covered roofs of buildings and streetlights. In the background, there are snow-covered mountains under a dark sky. The title 'SARPUR HVER ER STEFNAN?' is overlaid in large white letters.

SARPUR HVER ER STEFNAN?

Hópstjórar: Sigrún Ásta Jónsdóttir & Þorvaldur Böðvarsson

Í dag eru 50 aðildarsöfn að Sarpi og rúmlega ein milljón aðfanga skráð í gagnagrunninn. Annars vegar verður velt verður upp spurningum og álitamálum varðandi Sarp. Nær hann að fullnægja því hlutverki sínu að vera heildstætt menningarsögulegt gagnasafn? Er Sarpur fullnægjandi vinnutæki? Þarf að skrá allt í Sarp? Ætlum við að skrá allt í Sarp? Hvað vantar í Sarp og hvernig getum við bætt hann? Hverjir eru helstu veikleikar og styrkleikar Sarps fólgnir? Hins vegar verður rætt um praktísk atriði við skráningu á safnkosti í Sarp. Til að mynda gæði skráningar og ljósmyndunar í Sarpi.

NIÐURSTÖÐUR

Fyrirkomulag og framkvæmd málstofunnar

Skipulag vinnustofunnar var með þeim hætti að Þorvaldur Böðvarsson fór yfir helstu hugmyndir, spurningar og áhugaverð umræðuefni. Þá skipuðu hópstjórar formenn borða og útskýrðu skipulag vinnustofunnar. Það var þannig uppbyggt að fyrri daginn var hópnum skipt upp í 4 minni hópa, og setið var við 4 borð. Hvert borð hafi ákveðið þema og punkta sem hópstjórar höfðu útbúið. Formaður borðsins stýrði umræðum á sínu borði og punktaði niður það helsta. Fundinum var skipt upp í 4 tímaskeið, hvert þeirra 20 mínútur. Að þeim liðnum skipti hópurinn um borð nema formenn borðanna sem sátu allan tímann á sínu borði, þeir sem fóru frá borði til borðs ræddu alla punktana. Á seinni deginum lásu formenn borða upp það sem þeir punktuðu og síðan var almenn umræða.

Borð 1 - formaður Ágústa Kristófersdóttir

Sarpur og sarpur.is sem miðill. Hvernig spila saman textar og ljósmyndir sem kynning á safninu og sem innsýn á áherslur þess.

- Sýningar í Sarpi
- Með hvaða hætti ætti að ganga frá færslum þannig að fólk átti sig á gripnum, t.d. stærðir, áferð.
- Ljósmyndun gripa, hversu miklar kröfur ætti að gera til gæða þeirra.
- Reynslusögur

Ætti Rekstrarfélag Sarps að halda úti vefsvæði/eða vera á samfélagsmiðlum, þar sem t.d. tölur mánaðarins kæmu fram - athygli vakin á ýmsu ?

Punktar formanns

Skiptar skoðanir voru um viðmót sýninga

- Flettisýningar
- Virtual heimur
- Myndbönd

Sýning þarf að vera upplifun en ekki bara eins og hver önnur vefsíða. Sýningar í Sarpi eru oft frekar kynningar á sýningunni en upplifun. Sýningartól Sarps getur gefið sýningum framhaldslíf og líka nýst til fræðslu, gerð kennsluefnis.

Fleiri en eitt safn geta verið saman með sýningu.

Til að sýningar verði góðar þurfa skráningar að vera góðar. Myndgæði ljósmynda mætti oft bæta, og að fleiri en ein mynd fylgi grip, nota líka myndbönd og hljóð. Það er fjölbreyttari miðlun.

Slembisarpur er skemmtilegur

APP / önnur slík miðlun þar sem miðlað væri t.d. einn gripur á dag, úrval frá öllum söfnum.

Leið til að éta fílinn: Hægt er að setja markmið um sýningar og þá er ákveðin hluti skráningar yfirfarinn og lagaður með sýninguna sem ákveðin endapunktur.

Borð 2 - formaður Haraldur Þór Egilsson

Að skrifa texta í Sarp/sarpur.is

Í textareitinn: Aðrar upplýsingar/lýsing sem birtist líka á sarpur.is

Hvað á að skrifa hér – eiga að vera reglur – viðmið – áherslur sem Sarpur gefur út

Á að lýsa grip þótt ljósmyndin geri það sama – endurtaka nöfn þótt þau komi fram í nafna- og staðarreitum?

Hvaða upplýsingar eiga heima og hvaða upplýsingar eiga ekki erindi í Sarp?

Prófarkalestur ? Ætti að vera villuleitartæki í Sarpi?

Ættum við að búa til alfræðigrunn í Sarpi sem væri þannig uppbyggður að t.d. heiti á gripum yrðu sigtuð út, og búið til spjald fyrir hvert heiti þar sem það saga, þróun og tengsl við íslenska minjasögu yrðu rakin, þar kæmi t.d. fram til hvers hluturinn var notaður, hverjir notuðu hann einna helst, úr hverju og með hvaða hætti hann er gerður, frá hvaða tíma, og dæmi um grip. Ef þetta næst fram þá þarf ekki að skrifa þessar almennu upplýsingar í „lýsingu“ heldur bara það sem varðar þann grip sem skráður er. Einnig gæti svona alfræðigrunnur aukið mikilvægi Sarps þar sem þessar upplýsingar eru hvergi á saman á einum stað?

Punktar formanns

1. Skiptar skoðanir varðandi hvað og hvort ættu að vera viðmið í textagerð. Litríkur og fjölbreyttur texti gæðir lífi. Talað var um fjölbreytileika og frelsi í textagerðinni þannig er varað við að staðla um of. Það ætti að vera ómögulegt að ljúka skráningu ef ekkert er í reitnum „lýsing“ þó ekki væri nema, „lýsingu vantar“ „lítið er vitað um gripinn“ og auglýsa jafnvel eftir upplýsingum frá almenningi. Það mætti líka búa til dæmi um góðan texta.
2. Já, fólk les ekki endilega „tæknilegar upplýsingar“. Bætir við myndina t.d. ef fólk er litblint. Textinn ætti að geta staðið einn og sér, en hann hefur oft gildi í sjálfu sér t.d. fyrir fræðimenn og til kennslu. Beygingar skila sér í textaleit.
3. Varast skal persónulegar upplýsingar ekki birta neitt sem þolir ekki að vera opinbert. Í reynd ætti ekki að skrá slíkar upplýsingar inn á lokuð svæði m.t.t. nýrrar persónuverndarlöggjafar 2018 sem byggir meðal annars á réttinum til að gleymast. Þannig að það þurfa að vera gild rök fyrir varðveislu persónulegra upplýsinga en óvissa er hvort „rétturinn til að gleymast“ nái til safna sem hafa skyldu til að varðveita upplýsingar?
4. Já og nei, vanda þarf til verka, möguleiki er að afrita texta annars staðar, t.d. Word þar sem villuleit er. En ef villuleit yrði verður að passa upp á að sjálfvirk leiðrétting sé ekki virk. En í reynd ekki forgangsmál.
5. Flestir voru hrifnir af hugmyndinni en líklega er hér um mjög stórt verkefni að ræða. En ef fara ætti í þetta mætti nota hugmyndina um hinn marg-etna fíl. Taka fyrir algengustu gripina, algengar upplýsingar um myndlist osfrv.

Borð 3 - formaður Edda Björnsdóttir

Sarpur sem vinnutæki - staðan í dag - hvaða áherslur á að hafa við frekari þróun hans ?

Að gefa út markmið sem stefnt er að – þannig að skráningaraðilar geti þróað sín mál til samræmis

Hvað á Sarpur/sarpur.is að vera – hver á áherslan að vera eða ættu að vera margar áherslur?

- Upplýsingabanki – utanumhald á lýsigögnum
- Uppfletti- og leitarbanki
- Alfræði um íslenskar menningarminjar
- Umsýslutólin – efla yfirsýn, auðvelda og efla vinnu með safnkostinn og tölfraði ýmiskonar
- Varðveislugrunnur stafrænna mynda og annarra rafrænna skjala tengdum safnkostinum.

Punktar formanns

1. Nota Sarp meira í skólum og hjá almenningi og þróa Sarp.is til sem fræðsluvettvang til notkunar í skólum. Hafa mismunandi aðgang án þess að fara yfir lögleg mörk. Nota upplýsingar til almennra miðlunar og sýnileiki eru tvö ólík hlutverk.

2. Allt á að vera með sýningarhæfu formati í Lýsingu, s.s. efni, tækni er varða gripi og framleiðsluaðferðir. Uppfletti og leitarkerfi, geta skrifað nafn og heimili. Mikilvægt að geta forsníðið Sarp að þörfum skrásetjara/safni. Mikilvægt að höfundarréttarmál komist í lag þannig að lista- og hönnunarsöfn komi sínum safnkosti á framfæri. Aðlaga Sarp að ólíkum verkefnum.

3. Sarpur ætti að fara sem næst því að vera alfræði, Já og náttúrugripi, rústir, en það takmarkar sviðið að öll söfn geta ekki notað Sarp til fulls, eins og lista- og hönnunarsöfn

4. Það þyrfti að vera hægt að skoða skráningarstöðuna, skoðun/fletting almennings, að geta prentað út stöðu skráningar ofl

5. Mikilvægt að hægt sé að skanna inn skjöl og tengja við vinnugögn, frekar meiri myndir og rafræn skjöl, ekki einungis varðveislugrunnur. Efla nr. 4. Það þyrfti að vera möguleiki að hafa lykilorð sem notuð eru í flutningum og við mannaskipti.

Gagnagrunnur: Sarpur er í grunninn gagnagrunnur menningaminja. Til að auðvelda leit fræðimanna og almennings þarf að vera ákveðin stöðlun. Spurning er síðan hversu ítarleg grunnskráning skal vera til að leit sé markviss. Munur er á skráningu ljósmynda og muna hvað upplýsingar varðar. Þyrfti að vera þægilegra að tengja skjöl við muni.

Vinnutæki: Betri flokkun í nafnaskrá, t.d. að hægt sé að raða eftir sýslum. Röðun virkar ekki alltaf.

Gagnavinnsla í Sarpi: Vantar nokkuð uppá einfalda skýrslur um stöðu skráningar, fjöldi og tegund, heildaryfirlit ofl.

Spurning 4: Efla og auðvelda tölfraðina svo hægt verði að vinna með það.

Spurning 5: Auka getu safna til að bæta við skjölum og öðrum skönnuðum gögnum.

Borð 4 - formaður Ármann Guðmundsson

Framtíðarsýn – þróun sarpur.is

Hvað á sarpur.is að vera? Með hvað hætti vildum við sjá vefsíðuna sarpur.is þróast – hvað er það sem skiptir máli að hafa í huga varðandi þróun hennar Viljum við að sarpur.is verði vinsæl leitarvél eða er heppilegra að hafa sarpur.is sem frekar lítið þróaða leitar- og skoðunarsíðu og að hvert safn einblíni á sína eigin vefmiðlun í gegnum sína vefsíðu/samfélagsmiðla osfrv.

Á Sarpur alltaf að vera ein órofin heild eða gætu sumar safnaheildir þróað eigin lausnir á sarpur.is – hvað þá með fjármögnun?

Er heppilegt að nota sama nafnið? Sarpur - sarpur.is ?

Hvaða notendum á sarpur.is að þjóna?

Styður framsetning efnis markmiðin með sarpur.is ?

Hvað með leitarmöguleika? Eigum við að bæta inn t.d. google-earth?

Eða öðrum álíka?

Gagnvirknin – hvernig eiga samskiptin að vera?

Hvernig á að kynna sarpur.is?

Er hægt að þróa sarpur.is sem fræðslutæki – fyrir t.d. leik- og grunnskóla? Hvað er það sem myndi koma til móts við þarfir skólahópa og annarra sérhópa?

Á sarpur.is að vera á öðrum tungumálum – t.d. ef ákveðnir hluta hans séu þýddir af viðurkenndum þýðanda á ensku þá er auðvelt að nota vélrænar þýðingar á önnur tungumál? Í dag getur Chrome vafrinn þýtt vefsíðuna með góðum árangri fyrir erlenda notendur, þarf að ganga lengra?

Punktur formanns

Aðgengi fyrir alla skiptir miklu máli

Akút mál:

- Leitarvélin: Til dæmis þarf að vera möguleiki að þrengja leit, eða sigta sig niður á gripi eins og í gegnum síló.
- Höfundarréttur: afar mikilvægt mál sem þarf að finna lausn á, en flókið ferli og jákvætt að við tengjum okkur við sambærilega umræðu í útlöndum og hvetjum ráðuneytisfólk til dáða að finna lausnir.
- Klára Sarp sem gagnagrunn, áður en farið er í aðra þróun
- Fleiri tungumál, t.d. enska

Þá var bent á að mikilvægt væri að Sarpur.is gæti sýnt þrívíddarlíkön, og feti sig inn á slóðir sýndarveruleika. Einnig er mikilvægt að hægt sé að hafa bæði hljóð- og kvikmyndaefni í Sarpi.

Mjög mikið efni fellur til í tengslum við rannsóknir sem er ekki mjög aðgengilegt. Skýrslur eru skrifaðar en ekki alltaf gefnar út og jafnvel þótt þær séu gefnar út eru þær ekki í mikilli dreifingu. Sarpur gæti spilað mikið hlutverk sem vettvangur fyrir svona skýrslur, t.d. skýrslur fornleifafræðinga, forvarða, o.fl. í reynd getur Sarpur boðið besta útgáfustaðinn ef hann getur boðið upp á tengingar við t.d. vídeó-klippur, hljóðupptökur og drónamyndir. Til að slíkt geti orðið að veruleika þarf grunnurinn að geta orðið varðveislugrunnur fyrir frumútgáfur rafrænna gagna eins og ljósmynda, teikninga og annarra rafrænna gagna.

Umsýsla – upp kom hugmynd hvort Sarpur.is gæti verið með vefverslunarþjónustu. Í almennu umræðunni kom í ljós að í dag er einfaldast að kaupa slíkan aðgang í vefverslun sem nú þegar er í gangi. Þá kom einnig upp að hér væri kannski komin lausn á að rukka inn höfundarréttargjöld með því að handhafa höfundarréttar væru beintengdir við sínar myndir og fengju sín gjöld beint frá vefversluninni. Jafnvel gæti þetta verið lausn varðandi listaverk, þ.e. myndir af listaverkum? Umræður sköpuðust hvort leyfa ætti að sarpur og eigandi efnisins (safnið) gætu tekið þjónustugjöld af þessum viðskiptum, skiptar skoðanir voru um það atriði. Í framhaldi af þessari umræðu komu höfundarréttarmál almennt og birting listaverkamynda í Sarpi til tals og

lýstu þátttakendur því hve það óleysta mál varðandi höfundarréttinn hindraði t.d. kynningu á bæði safneign listasafna og listamönnum sjálfum.

Í umræðum kom líka fram að mikilvægt væri að ræða þróun Sarps á breiðum grundvelli, að fá sem flesta að borðum, ekki bara notendur og nýttendur Sarps og Sarpur.is, heldur líka ótengda ráðgjafa sem geta verið allt frá fræðimönnum til leikskólabarna, þ.e. leggja áherslu á opna umræðu um Sarp.is.



MYNDMÆLING /PHOTOGRAMMETRY

Leiðbeinandi: Gunnar Hólmstad

Í Bátahúsinu fór fram örnámskeið í svokallaðri myndmælingu, en þar er ljósmyndun notuð til þess að skrá, mæla og teikna upp þrívíða mynd af grip. Slíkar myndir má í kjölfarið nota til heimildaskráningar, eftirsmíði, rannsókna ofl.

Þátttakendur skiptu sér í þriggja til fjögurra manna hópa og fengu leiðbeiningar um það hvernig myndmæling fer fram og hvernig slík tækni nýtist. Auk þess sem þátttakendur völdu grip úr sýningu Bátahússins og prufu að mynda frá ólíkum sjónarhornum, og unnu svo þrívíða útgáfu af gripnum í tölvu.

A photograph of a snowy village at night. In the foreground, there's a snow-covered road. In the middle ground, there are several buildings, including a large wooden barn with a corrugated metal roof and a smaller house with a red roof. The background shows snow-covered mountains under a dark sky. Streetlights are on, casting a warm glow on the snow.

SÖFN OG SAMFÉLAGSMIÐLAR

Hópstjórar: Guðrún Helga Stefánsdóttir & Ólöf Breiðfjörð

Sem hluti ferðapjónustunnar horfa söfn sífellt meira til markaðsmála og þátttöku á samfélagsmiðlum. Það er mikilvægt að ná til sem flestra og koma starfseminni á framfæri. Hvað hefur reynst vel í markaðssetningu safna og hvað ekki? Skapa samfélagsmiðlar tækifæri eða ógnanir? Eiga söfn heima á öllum samfélagsmiðlum? Sjáum við samfélagsmiðlana sem eitthvað meira en markaðstæki?

*Hópurinn skilaði ekki inn samantekt eða niðurstöðum.
En vafalaust fóru fram gagnlegar og góðar umræður!*



SAFNKENNSLA ÁSKORANIR & LASUNIR

Hópstjórar: AlmaDís Kristinsdóttir & Jóhanna Bergmann

Í vinnustofunni var fyrst og fremst horft til tveggja viðfangsefna. Annars vegar um hömlur í fræðslustarfi á söfnum; er einhver dragbítur á þróun í fræðslustarfi? Hver er hann og hvernig hristum við upp í málaflokknum? Hins vegar um praktískar lausnir í safnkennslu og ýmsar leiðir í þeim efnum; lausnir sem hægt er að setja upp í tengslum við sýningar osfrv.

NIÐURSTÖÐUR

Frjálsar umræðu um stund. Þátttakendur voru beðnir að segja frá verkefnum sem hefðu gengið vel í sínu starfi. Krækjur skoðaðar eins og við átti.

Berghildur Fanney Hauksdóttir frá Burstarfelli, Vopnafirði, greindi frá yfirgripsmiklu verkefni sem fólst í að unnin var kennsluáætlun um Burstarfell og lífið í torfbænum í samvinnu við skóla. Verkefnið var kynnt á kennarapingi austurlands og bréf sent í skóla á austurlandi. Aðeins nemendur skólans í Vopnafirði nýttu sér verkefnið, aðrir skólar komu ekki með nemendur á staðinn. Þetta var rætt og töldu flestir að skólar réðu ekki við þær fjarlægðir sem um er að ræða á landsbyggðinni. Alma Dís Kristinsdóttir velti upp þeim möguleika að hugsanlega fæli verkefnið í sér of mikla stýringu og hentaði kennurum þess vegna ekki.

Pétur Kristjánsson frá Tækniminjasafninu á Seyðisfirði sagði frá safnfræðslunni þar. Hann sagðist forðast að aðgreina verkefnið út frá hugtökum. Sem dæmi nefndi hann að orðið „safnfræðsla“ lendi í neikvæðu hólfi í hugum nemenda og óþarfi að nota það hugtak. Nemendum væri kynntur menningarheimur. Aðgengi fyrir alla haft að leiðarljósi. Farið væri í ferðalag með börnunum inn í menningarheim. Skaftfell og Tækniminjasafnið hafa tekið upp samstarf. Spyrja: Hverjum erum við að þjóna? Kristín Dýrfjörð, dósent við kennaradeild Háskólans á Akureyri, hjálpaði til við þróun fræðakistils. Hvað fer ofaní? Sett með öllu sem þarf (nema sítrónu). Þetta varð gegnumbrot. Stórfenglegt. Samvinna safns, skóla, Skaftfells. Nú er kistillinn kominn í skólann á Seyðisfirði í viðgerð! Pétur fylgist með og hlerar nemendur varðandi hugmyndir þeirra og hvað vantar o. þ. h. en börnin fá stjórnina. Landamæralaus fræðsla. Tækniminjasafnið hefur einnig verið í samstarfi við tækniminjasafnið í Berlín (Deutsches Technikmuseum).

Valgerður Guðmundsdóttir frá Reykjanesbæ sagði frá Listahátíð barna þar í bæ. Hún lagði áherslu á að þróun verkefna tæki tíma. Hún sagði að 10 ár hefði tekið að ná öllum um borð í samvinnu um þessa hátíð. Unnið er í skólunum að þema hátíðarinnar og afraksturinn sýndur í Duus húsi.

Hlynur Hallsson frá Listasafni Akureyrar sagði frá verkefninu Sköpun bernskunnar. Leikskólabörn vinna að listaverkum í smiðjum með listamönnum. Afraksturinn sýndur í Listasafninu. Lykilorðin eru: fræðsla, leiðsögn, sköpun.

Rakel Pétursdóttir frá Listasafni Íslands spurði hvort menntakerfið og skólastarf legði yfir höfuð eitthvert mat á sköpun? Er sköpun metin? Einnig taldi hún mikilvægt að höfða til fjölmiðla svo þeir fjölluðu um fræðslustarfið.

Þóra Sigurbjörnsdóttir frá Hönnunarsafninu í Garðabæ sagði frá verkefni fyrir unglunga í Garðaskóla. Það hefur gengið misvel. Í ljós kom að innan skólans vantaði áhuga og meðvitund um samstarfið sem var í gangi.

Inga Katrín D. Magnúsdóttir frá Byggðasafni Skagfirðinga lagði áherslu á að fræðslustarfið fæli í sér stöðuga vinnu. Stöðugt þurfi að vinna að samvinnu og að því að viðhalda tengslaneti til þess að samfella verði í starfinu.

SVÓT greining sem fram fór í Farskóla á Siglufirði 2005 var endurtekin með örlítið nýju sniði. Framkvæmdin fór fram í fjórum hópum og unnið út frá eftirfarandi flokkum:

Lausnir (styrkleikar)

Hömlur (veikleikar)

Dragbítar (ógnanir)

Upphristiaðgerðir (tækifæri)

Hver hópur límdi miða með sinni greiningu undir hvern flokk og frekari úrvinnsla fór fram næsta dag.

NIÐURSTÖÐUR SVÓT GREININGAR

Lausnir (styrkleikar)

Þjónusta

- skýr mynd fræðslu (ímyndasköpun)
- sveigjanleiki
- forgangsroðun
- sýnileiki

Nýta sérfræðiþekkingu innan safna
fjölbreytni fyrir fræðara og nemendur
sbr. fjölgreind (Gardner)

Áþreifanleiki (hands-on) = styrkur í námi
(Dewey)

Samþætting við samfélagið
Söfnin vilja ræða saman og hjálpast að

Góð nýting á fjármunum og mannaúði
(lausnarorð í sveitastjórnarmálum)
– að skólar nýti söfn betur (skörun við lög-
bundið hlutverk sveitafélaga)

Þekkingarmiðlun – verkþekking/smiðjur

Viðsýni – setja sig í spor annarra/samkennd

Snjallsímaeign er almenn og tækniþekking
barna og unglinga er almenn


Koma til móts við þarfir kennara (rýnihópar)

Byggja upp starfið – fjölga starfsfólki og
rannsaka starfið

Viðhorf – að safngesturinn skipti máli

Safnkennarar með í vinnslu aðalnámskrár

Fagmennska (ICOM)



Hömlur (veikleikar)

Forgangsroðun (skóla og sveitafélaga)
– Samskiptaleysi (milli skóla og safna,
ráðuneytis og sveitastjórna) – vöntun
upplýsingaflæði

- Ekki lögbundin þjónusta (hlutverk)
sveitafélaga að reka söfn
- sveitastjórnafólk

Fjármagn

- skóla og safna (geta ekki boðið skólum,
endalaust bett, val skóla að nýta söfn
– ákv. um að fara, áhugasvið kennara
ræður)

Samgöngur/fjarlægðir

Fordómar (safnafólks, gesta og þeirra
sem koma ekki)

- Of fá starfsgildi/stöðugildi
- vantar fleiri í fræðsluna
- of mikið álag á starfsfólki/kulnun í starfi

Skortur á þróun starfsins (safnfræðslu)
– Skortur á endurmenntun, þjálfun
starfsfólks sérstaklega í safnfræðslu

Upphafin mynd safna

Timahugmyndin: forgangsroðun
– hömlur í stundaskrá skóla

Of mikil hólfun á viðfangsefnum

- Aðgengi (húsakostur, staðsetning og
annað)
- líkamlegt
- upplýsingaáðgengi
- stafrænt aðgengi



Dragbítar (ógnanir)

Safnfræðsla kemur of seint inn

- í sýningagerð (sýndarlýðræði)
- þegar starfsmaður safnfræðslu er
áheymarfulltrúi á fundum en ekki
þátttakandi á fundum – úreld stofnmenning

- Einangrun
- landfræðileg
- samfélagsleg
- fagleg

Skortur á eftirfylgni safnheimsóknna

Kostnaður / rútukostnaður

- Telja hause (mæling á velgengni)
- skortur RVK
- MMR verkefnastyrkir háðir mælanlegum fjölda

Annir/álag

Fátt starfsfólk

- Vanhæft starfsfólk / vanþekking á starfi
- söfn að redda sér á ungu skólaafólki
- án þjálfunar (ábyrgð safnsins)
- kennarar eru ekki að nýta sér söfn til fullnustu
- afgreiðslufólk sett í safnfræðslu (vantar
virðingu fyrir sérhæfingu starfsins)
- er kennaramenntun nauðsynleg fyrir starfið?

Skilningsleysi yfirvalda/stjórnvalda

Skortur á fjármagni

Of lokuð sem vettvangur fyrir félagslíf/samveru


Vélmenni – starfsmönnum skipt út fyrir
hljóðleiðsögn

Húsnæðisleysi

Lítill sjálfbærliðamenning
á Íslandi

Tið starfsmannavelta

Samskiptaleysi
– tímaleysi í skólum
og mannekle [veikleiki]



Upphrístiaðgerðir (tækifæri)

Samskiptamiðlar – nota þá meira (kynningar)
– deila hugmyndum
– aukin samvinna

Deila stjórn verkefnis með notendum
(þátttaka)

- Vitund í nærumhverfi – safnið er okkar
- stolt
- almenn vitundavakning
- samtal við samfélag (skoðanaskipti)

Fjölmiðlar – fréttaritarar landsmiðla og staðar-
blöð virkjuð

Að það sé greinilegra í námskrá að fara á safn,
vinna með söfnum

Þverfaglegt starf t.d. samstarf safna við skóla í
öðrum greinum t.d. stærðfræði

Börn og listamenn vinna saman
upplifa, túlka, greina

Búa til sitt eigið safn – krakkar upplifa ýmsa þæt-
ti safnstarfs í skólum (Er hægt að nýta Sarp?)

Fræðslusamstarf aukið til muna/samvinna
– innan og á milli safna (læra hvert af öðru
– milli safna og skóla
– þeirra sem bera ábyrgð
– við ráðuneyti
– söfn í skólum eins og skáld í skólum (passar
undir List fyrir alla verkefni MMR)
– tvíbreið brú á milli safna og skóla

Samstarf við skóla: skólastjórnendur, kennara,
foreldrafélög og nemendur

Tækni og stafræn tækni
– vát-faktorinn og fræðsla
– gagnvirkni (bæði maður á mann og tækni)

Mismunandi aðferðarfræði
Samstarf við skapandi öfl





SAMSTARF. HVAÐA TÆKIFÆRI ERUM VIÐ EKKI AÐ NÝTA?

Hópstjórar: Kristín Halla Baldvinsdóttir & Sif Jóhannesdóttir

Horfum við og langt yfir skammt? Nýtum við ekki alla þá möguleika sem við okkur blasa þegar kemur að samstarfi? Tekin vorufyrir ýmis álitamál í þessu sambandi, eins og samstarfskröfur „að ofan“ eða að beiðni yfirlanda eða eigenda. Getur samstarf stærri safna nýst þeim smærri? Eykur samstarf fagmennsku? Getum við nýtt tæknina til þess að eiga meira eða betra samstarf?

NIÐURSTÖÐUR

Varpað var upp spurningunni á hverju samstarf safna ætti að byggjast. Megin niðurstaðan úr þeirri umræðu varð að samtal og peningar t.d. í formi styrkja væru forsenda samstarfs safna. Rætt var um mikilvægi þess að söfn hugsuðu stórt í þessu samhengi, ekki einskorða sig við landssvæði eða landsteinana. Þá var nefnt að ákveðin hvati væri fólgin í styrkjum þar sem nóg væri að gera hjá starfsmönnum safnanna við dagleg störf. Hópurinn velti fyrir sér hvort Safnaráð ætti að eiga samtal við söfnin um samstarf þeirra á milli. Kallað var eftir samvinnu þegar kemur að t.d. styrkumsóknum og skýrslugerð. Einnig var rætt um að söfn mættu hafa með sér meiri samvinnu um sýningar. T.d. með því að vinna sýningar saman og með því að sýna sömu sýninguna á mörgum stöðum. Þannig er sú vinna sem lögð er í sýningar nýtt betur og fleiri fá að njóta. Í þessu samhengi var rætt um þá farandsýningar Þjóðminjasafnsins og gott skipulag á þeim.

Varpað var upp spurningunni hvort hægt að auka fagmennsku inni á safninu með samstarfi. Starfsmannaskipti við söfn sem hafa sérfræðinga í ákveðnum málefnum á sínum snærum voru nefnd sem dæmi um það hvernig auka mætti fagmennsku með samstarfi. Síðan má einnig líta til samstarfs utan landsteinanna til þess að auka fagmennsku. Erlendir aðilar og fyrirtæki koma oft með aðrar kröfur og viðmið inn í vinnuna. Rætt var um það hvernig nýta mætti vinnukraft nema og sjálfbóðaliða. Það var ákveðinn samhljómur um það að oft væri mikil vinna sem fylgdi því að taka við nemum í vinnu inni á söfnunum. Sammerkt var að þeir sem höfðu reynslu af störfum sjálfbóðaliða höfðu gott að segja um það.

Sjálfbóðaliðar séu settir í afmörkuð verkefni sem létta undir með starfsmanni safnsins. Þá var að borið upp hvort ekki væri sóknarfæri í að fá sjálfbóðaliða með aukinni starfsorku og lífaldri eldri borgara. Þá voru vinafélög einnig nefnd í því samhengi að geta veitt söfnunum starfskraft.

Varpað var upp spurningunni hvort tæknin geti hjálpað okkur í samstarfi. Fólk var sammála um það að tæknin hjálpar mikið þegar fjarlægðin er mikil, en hún gæti einnig strítt þegar fólk er með mismunandi kerfi. Einnig var nefnt að safnmenn reyndu að nýta tæknina til aukinna samskipa og sammálast þá um hvaða kerfi væri gott að nota. Rætt um samstarf við ljósmyndun gripa og ráðleggingar. Kallað var eftir því að Þjóðminjasafnið hefði forystu um það ráðleggja um ljósmyndun gripa.

Kallað var eftir því að söfnunarstefna á sviði þjóðminjavörslu verði kynnt eigendum safnanna, sveitarfélögunum. Best væri ef Þjóðminjavörður og/eða Safnaráð myndi leiða þá vinnu. Væri mikill styrkur fyrir söfnin úti um landið. Söfnundarstefnan er skýrt plagg til að leggja fram í sveitarstjórnnum. Nauðsynlegt að koma okkar málum og aðilum sem skilja málin inn í stjórnkerfið. Spurning hvort það væri á sviði Sambands sveitarfélaga. Söfnin þurfa að koma upp eigin pressu á þessum vettvangi.

Sarpur var nefndur sem aðaltækið til að hafa samstarf milli safna um söfnun bæði staðbundið og á landsvísu. Sameining safna var rædd og fólk sammála um að það væri slagkraftur í sameiningu safna. Þá var þeirri spurningu velt upp hvort auka mætti samvinnuna þó að það verði ekki sameining. Spurning hvort hægt sé að vinna saman að markaðssetningu og því að dreifa straumi gesta. Í þessu samhengi var rætt um samtal við ferðapjónustuna og aðra aðila í menningargeiranum, eins og Minjastofnun.

Að lokum var FÍSOS nefnt sem sendiherra heima og að heiman og kom fram ákall um starfsmann FÍSOS. Einnig vöknudú spurningar um hvort skoða mætti sameiningu FÍSOS vs. ICOM, sem gæti þá stuðlað að meiri drifkrafti.



SKOÐUNARFERÐ: ÞVERSNIÐ AF MENNINGARLÍFI SIGLUFJARÐAR

Á Siglufirði þrífst fjölbreytt menningarlíf og var því ákveðið að bjóða hópum í gönguferð um bæinn og heimsækja valda staði.

Í rigningu og súld gengu farskólanemar í litlum hópum um götur eyrarinnar. Á **Ljóðasetri Íslands** tók Þórarinn Hannesson forstöðumaður á móti gestum. Í **Ytra Húsinu** sagði Örlygur Kristfinnsson húsráðandi frá endurgerð hússins og framtíðarhlutverki. Gunnsteinn Ólafsson, formaður félag um Þjóðlagasetur sr. Bjarna veitti gestum móttöku í **Þjóðlagasetrinu**, einu elsta húsi Siglufjarðar. Arnfinna Björnsdóttir veitti gestum innsýn í hugarheim sinn og listsköpun á **Vinnustofu Abbýjar**. Baldvin Einarsson sagði frá sýningu og starfi **Saga Fotografica**, sem rekið er af áhugafólki. Aðalheiður S. Eysteinsdóttir sagði frá störfum sínum og rekstri **Alþýðuhússins**, og að lokum var gætt sér á súkkulaðimolum og kaffi á **Súkkulaðikaffihúsi Fríðu**. Að síðustu var drukkin fordrykkur á **Brugghúsi Seguls 67** áður en árshátíð hófst á **Kaffi Rauðku**.

ÁRSREIKNINGUR FARSKÓLA 2017

Tekjur:

Styrkur úr Safnasjóði	1.800.000 ISK
Í sjóði Farskóla	976.640 ISK
Þátttökugjöld	2.768.500 ISK
Seldar rútufurðir	422.500 ISK
Auka miðar á árshátíð	25.500 ISK
Innvextir	3.724 ISK
	5.996.864 ISK

Gjöld:

Fyrirlesarar

Kostnaður vegna fyrirlesara	585.355 ISK
Veitingar	2.959.405 ISK
Skemmtiatriði á árshátíð	255.598 ISK
Skoðunarferð & fordrykkur í Segli 67	538.500 ISK
Rúta, Rvk - Siglufjörður - Rvk	340.300 ISK
Fundargögn - hönnun & prentun	417.526 ISK
Þjónustugjöld í banka & póstburðargjöld	15.051 ISK
Fjármagnstekjuskattur	744 ISK
	5.112.479 kr.

Í sjóði í árslok 2017

884.385 ISK

ÞÁTTAKENDUR FARSKÓLA 2017

Allan Risbo, Museumstjenesten
Alma Sigrún Sigurgeirsdóttir, Borgarsögusafn Rvk.
AlmaDís Kristinsdóttir, Borgarsögusafn Rvk.
Anita Elefsen, Síldarminjasafn Íslands
Anna Einarsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Anna Guðný Ásgeirsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Anna Leif Elíddóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Anna María Urbancic, Listasafn Íslands
Ágúst Ó. Georgsson, Þjóðminjasafn Íslands
Ágústa Kristófersdóttir, Hafnarborg
Ágústa Rós Árnadóttir, Borgarsögusafn Rvk.
Ármann Guðmundsson, Þjóðminjasafn Íslands
Beata Fabian, Minjasafn Austurlands
Benjamín Kristinsson, Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna
Berghildur Fanney Hauksdóttir, Minjasafnið á Burstafelli
Birta Guðjónsdóttir, Listasafn Íslands
Brynja Sveinsdóttir, Gerðarsafn
Drífa Kristín Þrastardóttir, Borgarsögusafn Rvk.
Edda Björnsdóttir, Minjasafn Austurlands
Elín Guðjónsdóttir, Listasafn Íslands
Elín S. Sigurðardóttir, Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi

Elsa Guðný Björgvinsdóttir, Minjasafn Austurlands
Ester Sigfúsdóttir, Sauðfjársetur á Ströndum
Eva Kristín Dal, Þjóðminjasafn Íslands
Eyrún Helga Ævarsdóttir, Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Freyja Hlíðkvist, Þjóðminjasafn Íslands
Gígja Rós Þórarinsdóttir, Duus Safnahús
Gróa Finnsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Guðbrandur Benediktsson, Borgarsögusafn Rvk.
Guðlaug María Lewis, Listasafn Reykjanesbæjar
Guðmundur D. Hermannsson, Borgarsögusafn Rvk.
Guðmundur Ólafsson, Þjóðminjasafn Íslands
Guðmundur Sigurðsson, Byggðasafnið í Görðum
Guðný Dóra Gestsdóttir, Gljúfrasteinn
Guðný Zoega, Byggðasafn Skagfirðinga
Guðrún D. Whitehead, Háskóli Íslands
Guðrún Helga Stefánsdóttir, Borgarsögusafn Rvk.
Guðrún Jónsdóttir, Safnahús Borgarfjarðar
Guðrún Pálína Guðmundsdóttir, Listasafnið á Akureyri
Gunnar Holmstad, Nordnorsk Fartoyvernsenter
Gunnþóra Halldórsdóttir, Kvikmyndasafn Íslands
Halldóra Ásgeirsdóttir, Matrix ehf.
Halldóra Jónsdóttir, Menningarmiðst. Hornafjarðar
Hanna Hlíf Bjarnadóttir, Listasafn Íslands
Hanna Rósa Sveinsdóttir, Minjasafnið á Akureyri
Haraldur Haraldsson, Byggðasafn Reykjanesbæjar
Haraldur Ingi Haraldsson, Listasafnið á Akureyri
Haraldur Þór Egilsson, Minjasafnið á Akureyri
Harpa Þórsdóttir, Listasafn Íslands
Heiðdís Einarsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Helga Einarsdóttir, Á eigin vegum
Helga Hallbergisdóttir, Sagnheimar, byggðasafn
Helga Lára Þorsteinsdóttir, RÚV
Helga Maureen Gylfadóttir, Borgarsögusafn Rvk.
Helga Vollertsen, Þjóðminjasafn Íslands
Helga Þórsdóttir, Byggðasafn Vestfjarða
Helgi Máni Sigurðsson, Borgarsögusafn Rvk.
Hildur Halldórsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Hildur Sigurbjörnsdóttir, Listasafn Íslands

Hjördís Pálsdóttir, Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla
Hlín Gylfadóttir, Borgarsögusafn Rvk.
Hlynur F. Þormóðsson, Listasafnið á Akureyri
Hlynur Hallsson, Listasafnið á Akureyri
Hólmar Hólm Guðjónsson, Hafnarborg
Hrönn Konráðsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Hrönn Snæbjörnsdóttir, Borgarsögusafn Rvk.
Hörður Geirsson, Minjasafnið á Akureyri
Inga Hlín Valdimarsdóttir, Minjasafnið að Hnjóti
Inga Jónsdóttir, Listasafn Árnesinga
Inga Katrín D. Magnúsdóttir, Byggðasafn Skagfirðinga
Ingibjörg Áskelsdóttir, Borgarsögusafn Rvk.
Ingvar Haraldsson, Listasafnið á Akureyri
Íris Gyða Guðbjargardóttir, Borgarsögusafn Rvk.
Íris Ólöf Sigurjónsdóttir, Byggðasafnið Hvoll
Joe W Walser II, Þjóðminjasafn Íslands
John Bodinger, Háskóli Íslands
Jóhanna Bergmann, Þjóðminjasafn Íslands
Jón Heiðar Allansson, Byggðasafnið í Görðum
Jón Jónsson, Rannsóknarsetur HÍ á Ströndum
Jón Sigurpálsson, Byggðasafn Vestfjarða
Jóna Sigurlaug Friðriksdóttir, Iðnaðarsafnið á Akureyri
Kristinn Erlendur Gunnarsson, Borgarsögusafn Rvk.
Kristín Dagmar Jóhannesdóttir, Gerðarsafn
Kristín Einarisdóttir, Lyfjafræðisafnið
Kristín Halla Baldvinsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir, Gljúfrasteinn
Kristína Berman, Síldarminjasafn Íslands
Lilja Árnadóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Linda Ásdísardóttir, Byggðasafn Árnesinga
Lýður Pálsson, Byggðasafn Árnesinga
Magnús Skúlason, Teiknistofa Magnúsar
Margrét Aradóttir, Smámunasafn Sverris Hermanns.
Margrét Sveinbjörnsdóttir, Brúarsmiðjan
María Karen Sigurðardóttir, Borgarsögusafn Rvk.
Nathalie Jacqueminet, Þjóðminjasafn Íslands
Nína Njálsdóttir, Listasafn Íslands

Ólafur Ingi Jónsson, Listasafn Íslands
Ólöf Breiðfjörð, Menningarhúsin í Kópavogi
Ósk Sigurjónsdóttir, Menningarmiðst. Hornafjarðar
Óskar Leifur Arnarsson, Minjasafnið að Hnjóti
Pétur Kristjánsson, Tækniminjasafn Austurlands
Pétur Sörensson, Fjarðabyggð
Ragna Gestsdóttir, Minjasafnið Akureyri
Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir, Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Ragnheiður Jósúadóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Ragnheiður Vignisdóttir, Listasafn Íslands
Ragnhildur Helga Jónsdóttir, Landbúnaðarsafn Íslands
Rakel Pétursdóttir, Listasafn Íslands
Sandra Sif Einarisdóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Sif Jóhannesdóttir, Menningarmiðst. Þingeyinga
Sigríður Kristín Birnudóttir, Borgarsögusafn Rvk.
Sigríður Rósa Sigurðardóttir, Smámunasafn Sverris Hermanns.
Sigríður Sigurðardóttir, Byggðasafn Skagfirðinga
Sigríður Sigurjónsdóttir, Hönnunarsafn Íslands
Sigríður Þorgeirsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Sigríður Þóra Árnadóttir, Gljúfrasteinn
Sigrún Ásta Elefsen, Duus Safnahús
Sigrún Ásta Jónsdóttir, Byggðasafn Reykjanesbæjar
Sigrún Kristjánsdóttir, Borgarsögusafn Rvk.
Sigurður Gunnarsson, Listasafn Íslands
Sigurlaug Hannesdóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Sigurlaugur Ingólfsson, Borgarsögusafn Rvk.
Snorri Guðjón Sigurðsson, Menningarmiðst. Þingeyinga
Soffía Magnúsdóttir, Háskóli Íslands
Sólveig Hulda Benjamínsdóttir, Húnaþing vestra
Steinunn M. Sveinsdóttir, Síldarminjasafn Íslands
Steven Conn, Miami Univeristy
Svanhildur Óskarsdóttir, Stofnun Árna Magnússonar
Svavar Steinarr Guðmundsson, Gljúfrasteinn
Sveinbjörg Sveinsdóttir, Sarpur
Sveinn Stefánsson, Minjasafnið á Akureyri
Unnur Leifsdóttir, Hafnarborg
Vala Gunnarsdóttir, Sarpur

Vala Magnúsdóttir, Borgarsögusafn Rvk.
Valdís Einarsdóttir, Byggðasafn Dalamanna
Valgerður G. Halldórsdóttir, Byggðasafnið Görðum
Valgerður Guðmundsdóttir, Listasafn Reykjanesbæjar
Þorbjörg Ásgeirsdóttir, Listasafnið á Akureyri
Þorsteinn E. Arnórsson, Lönaðarsafnið á Akureyri
Þorvaldur Böðvarsson, Þjóðminjasafn Íslands
Þóra Björk Ólafsdóttir, Safnaráð
Þóra Sigurbjörnsdóttir, Hönnunarsafn Íslands
Örlygur Kristfinnsson, Síldarminjasafn Íslands

